

NETVERSLANIR

LAUGARDAGUR 7. DESEMBER 2013

Kynningarblað eBækur.is, octopia.is, A4.is, skor.is, Cyber Monday.

Rafbækur eru komnar til að vera

eBækur.is er stafræn bókaverslun sem selur bækur á rafrænu formi. Þar má nálgast eitt stærsta safn af íslenskum og erlendum bókmenntum sem völ er á á Íslandi. Hægt er að kaupa gjafakort á vefnum sem eru tilvalin jólagjöf.

Við erum með flesta íslenska titla sem koma út sem raf- og hljóðbækur hér á landi, á eBækur.is. Lestur rafbóka hefur vaxið hratt erlendis en hér á landi er markaðurinn frekar ungur. Hann fer þó stækkandi og notkun rafbóka á Íslandi er töluverð. Við erum einnig með mörg hundruð þúsund erlenda titla á eBækur.is, á ensku og fleiri tungumálum," segir Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri eBóka.

„Langstærsti hluti þeirra sem nota vefinn okkar, lesa og hlusta í gegnum tæki, svo sem Ipad og lestölvur og í gegnum snjallsíma. Það má hins vegar auðveldlega nota hvaða tölvu sem er.

Sérstaða okkar eru öppin sem við bjóðum upp á, fyrir bæði Android- og iOS- stýrikerfin en eBækur eru með eina séríslenska appið til að lesa rafbækur. Hægt er að sækja eBóka-appið frítt í App Store og í Play Store og með því er hægt að lesa bæði í símanum og spjaldtölvunni," útskýrir Stefán. „Eins má nota appið


til að lesa aðrar bækur en þær sem keyptar eru hjá okkur og öll hefðbundin pdf-skjöl. Með appinu verður til einn staður þar sem notandinn safnar öllu lesefni. Við leggjum einnig mikið upp úr því að viðmótið sé einfalt fyrir notandann.“

En eru pappírskækur þá útleið?

„Nei, það verður seint, en mín reynsla er þó sú að þeir sem prófa að lesa bækur í símanum eða í lestölvum snúa helst ekki til baka, einfaldlega því þetta er svo þægilegt. Það er ákveðið skref að prófa að lesa rafbók en kostirnir eru margir. Til dæmis þægindin í því að geta geymt allt þetta magn af bókum og lesefni á einum stað og ganga hreinlega með bókasafnið í farsímanum.

En talandi um bókasafn. Verður hægt að fá rafbækur lánaðar líkt og á hefðbundnu bókasafni?

„Sú hugmynd er á teiknborðinu og hefur verið á döfni hjá eBókum alveg frá byrjun. Ég hugsa að það dragi til tíðinda á nýju ári varðandi einhvers konar lausnir á því máli," segir Stefán.



Á eBækur.is er eitt stærsta safn rafbóka á landinu.



Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri eBóka, segir rafbækur komnar til að vera.

MYND/VILHELM

Njóttu þess að lesa jólabækurnar, hvar og hvenær sem er!

Njóttu þess að lesa ...

eBækur
www.ebækur.is

SKOÐIÐ HEIMASÍÐUNA
WWW.OCTOPIUR.IS.



Glæsilegar töskur há octopiur.is

Netverslunin octopiur.is heldur upp á ársafmælið sitt um þessar mundir. Þar eru seldar vinsælar töskur frá danska fyrirtækinu Octopus sem íslenskar konur hafa fallið fyrir.

Hildur Kristín Einarsdóttir, annar eigandi verslunarinnar, segir að æskuvinkona hennar, Imba, hafi verið búsett í Kaupmannahöfn og fallið fyrir Octopus-töskum. „Imba kynnti mig fyrir töskunum og það varð til þess að við ákváðum að flytja þær inn og leyfa íslenskum konum að njóta. Við seljum eingöngu vörur frá Octopus en úrvalið er afar fjölbreytt. Við bjóðum fallegar, vandaðar, handunnar leðurtöskur, peningaveski og skart. Það eru til dæmis margar fallegar töskur sem eru unnar úr leðurafgöngum sem ganga af við vinnslu á öðrum töskum. Allt efni er notað og ekkert fer til spillis hjá framleiðendum. Einnig er hægt að fá símaveski til að hengja um hálsinn og íþrótta-töskur,“ segir Hildur.

„Verslunin hefur gengið framur öllum vonum og greinilegt að mörgum finnst þægilegt að versla við eldhúsbordið heima. Það kom skemmtilega á óvart fyrir jólin í fyrra hversu margir karlar notfærðu sér netið til að kaupa jólagjöf handa frúnni. Það voru margar töskur sem við sendum í fyrirtæki til þeirra,“ segir Hildur enn fremur.

Octopus-merkið er þekkt á öllum Norðurlöndunum og í Norður-Evrópu fyrir glæsilegt útlit og gæði. Nýjar vörulínur koma á vörin og returna. „Það sem okkur finnst best við vörurnar frá Octopus er hversu vandaðar þær eru, allar töskurnar eru fódraðar, vel skipulagðar, margar hverjar bæði með ól til að setja á handlegginn og yfir öxlina, vörurnar eru litríkar og umhverfisvænar. Við sendum frítt um allt land.“



MERKILEGAR STAÐREYNDIR UM NETVERSLUN
Fyrsta vefverslun heimsins var opnuð af flatbökurisanum Pizza Hut árið 1994.

Bækur eru sá hlutur sem selst best á netinu.

Sjálfsævisaga Steve Jobs var söluhæsta bókin á Amazon árið 2012.

Því er spáð að netkúnnar verði 170 milljónir í Bandaríkjunum árið 2015.

Rannsóknir PayPal hafa sýnt að 20 prósent þeirra sem klára ekki pantanir sínar á netinu gera það vegna ótta um óöryggi við notkun greiðslukorta.

Í hverjum mánuði heimsækja 94 milljónir viðskiptavina Amazon-netbókabúðina.

Vefverslun er vinsælust meðal ungra og miðaldra viðskiptavina.

Fatnaður er næstvinsælasti varningurinn í netverslunum. 72 prósent kvenna leita sér að fatnaði til kaups á netinu.

Fjörtutíu prósent vefkúnnna ganga ekki frá kaupum á vöru á netinu nema lesa umsagnir annarra notenda fyrst.



Hring eftir hring



Inga María Brynjarsdóttir



Umemi



Tulipop

Framtíðin björt

Netverslanir og samfélagsmiðlar, bjóða upp á gríðarleg tækifæri fyrir óþekktu hönnuði og þá sem búa á afskekktum mörkuðum, til að selja hönnun sína erlendis. Rakel Sævarsdóttir heldur úti netgalleríinu muses.is og netversluninni kaupstaður.is og segir það ávinning fyrir hönnuði og listamenn að tilheyra slíkum netsíðum.

Það er ekki hægt að vera allsstaðar og ef þú ætlar þér að vera einhvers staðar þá verðurðu að vera virkur. Það getur verið bæði kostnaðarsamt og tímafrekt að uppfæra samfélagsmiðlana og heimasíðu en með því að vera partur af vettvangi eins og Kaupstað og Muses er viðkomandi hluti af stærri heild en tapar þó ekki sinni sérstöðu. Á báðum þessum síðum eru listamenn og hönnuðir með prófílsíðu þar sem þeirra sköpun er kynnt,“ útskýrir Rakel Sævarsdóttir eigandi Muses.is og Kaupstað.is. „Sem heild eigum við mikla möguleika á sölu erlendis og við ætlum okkur að byrja á einu landi í einu, við höfum nú þegar fengið góða reynslu af sölu til Finnlands í gegnum Muses.is en við hefjum markaðsstarf fyrir Kaupstað.is í Finnlandi á næsta ári. Á Kaupstað ætlum við að ganga skrefinu lengra og munum klára að setja síðuna á finnsku í byrjun næsta árs.“

Hvernig varð Muses til?

„Muses.is er netgallerí með myndlist eftir upprennandi listamenn en ég fékk þá hugmynd að miðla handverki, hönnun og myndlist á rafrænan hátt í framhaldsnámi mínu í Hagnýtri menningarmiðlun árið 2009. Ég opnaði Muses.is ári síðar með sýningu á Ísafirði Westfjord ArtFest og síðan þá höfum við sett upp átta sýningar í hinum ýmsu rýmum eins og gömlu Sanitas-gosverksmiðjunni, Bakkaskemmu þar sem nú er Sjávarklasinn og Norræna húsinu. Síðustu sýningu okkar lauk í september, í Safnahúsinu á Ísafirði. Okkar markmið er að færa myndlist nær almenningi og þess vegna höfum við oftast valið óhefðbundin rými til þess að setja upp sýningar og heimasíðan er mjög aðgengileg fyrir alla.



Rakel Sævarsdóttir, eigandi Muses.is og Kaupstað.is.

MYND/STEFÁN

„Okkar markmið er að færa myndlist nær almenningi og þess vegna höfum við oftast valið óhefðbundin rými til þess að setja upp sýningar.“

Við seljum mest af málverkum á sýningum en í beinni sölu í gegnum netið selst mest af verkum undir 50.000 krónum, eftirprentanir, símahulstur og teikningar og þá sérstaklega eftir Hugleik Dagsson. Níutíu prósent af sölu, fyrir utan það sem selst á sýningum, fer út fyrir landsteinana. Mest seljum við til Finnlands, Norðurlandanna og Tékklands en einnig höfum við selt til flestra Evrópulandanna, til Bandaríkjanna, Ísrael og Ástralíu. Nokkrir þeirra hönnuða sem kynna og selja vörur sínar á Kaupstað hafa vakið athygli erlendis og má þá nefna Umemi, Scintilla, Orri Finn, HAF, Hring eftir hring og Tulipop.“

Hver eru framtíðarverkefni Muses.is?

Við erum í sambandi við aðila í Tékklandi um að byggja upp samskonar síðu þar í landi en við sjáum fyrir okkur að hægt og rólega verði

byggð brú á milli landa með netgallerí. Þá verður fjórða Westfjord ArtFest sýningin haldin um næstu páska á Ísafirði og einnig er Evróputúr í vinnslu, þar sem við keyrum um nokkrar valdar borgir í Evrópu á stórum bíl með blöndu af málverkum, vídeóverkum og götulist. Við leitum að samstarfsaðila í þessa sýningu en þetta gæti verið tækifæri fyrir íslenskt stórfyrirtæki til þess að kynna sig á óhefðbundinn hátt,“ segir Rakel og er hjartsýn á framhaldið.

„Við erum metnaðarfullur vettvangur á netinu hvort sem litid er á Muses eða Kaupstað en við værum ekkert án þeirra hæfileikaríku listamanna og hönnuða sem gefa síðunum líf. Svo lengi sem þessi mikla gróska á sér stað í íslenskri myndlist þá er okkar framtíð björt og við hlökkum svo sannarlega til næstu verkefna.“



BORGGAÐU EFTIR 14 DAGA EÐA MEÐ RÆDGREIÐSLUM

Þegar þú verslar með Netgíró í verslunum eða á netinu velurðu þægindi og öryggi. Þú færð vöruna áður en þú greiðir fyrir hana, þarft aldrei að gefa upp viðkvæmar persónuupplýsingar og getur greitt með rædgreiðslum eða valið að fá reikning sendan í heima-banka og borgað eftir 14 daga.

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Verslunaræði í netheimum

Fyrsti mánudagur eftir þakkargjörðarhátíðina bandarísku er heimskunnur fyrir gríðarmikla netverslun. Fyrirbrigðið, sem kallað er „Cyber Monday“, hefur breiðst út til margra annarra landa. Met var slegið í netsölu þetta árið auk þess sem sala í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur jókst gríðarlega, um sextíu prósent í Bandaríkjunum en 94 prósent í Bretlandi.

Hugtakið „Cyber Monday“, sem útleggst á íslensku einfaldlega sem net-mánudagur, var upphugsað í nóvember árið 2005. Ætlunin var að búa til markaðstækifæri fyrir netverslanir, sem á þessum degi bjóða fjölda tilboða sem fólk nýtir sér í jólagjafainkaupum. „Cyber Monday“ er upprunnið í Bandaríkjunum en er nú notað sem alþjóðlegt markaðshugtak af netverslunum í Kanada, Bretlandi, Portúgal, Pýskalandi, Síle, Kólumbíu, Írlandi, Japan og Kína.

Cyber-mánudagur er haldinn mánudaginn eftir þakkargjörðarhátíðina í Bandaríkjunum og fylgir þannig í kjölfarið á „Black Friday“ sem haldinn er síðasta föstudag í nóvember hvert ár. Á þeim degi eru verslanir með brunaútsölu og viðskiptavinir keppast um að ná bestu bitunum.

Metsala hvert ár

Sala í gegnum netið eykst ár frá ári og hvert metið á fætur öðru er slegið hvern Cyber-mánudag. Í breska fréttablaðinu The Independent var gerð úttekt á væntingum til Cyber-mánudagsins sem haldinn var 2. desember þetta árið. Þar segir frá því að kortafyrirtæki á borð við Barclaycard og Visa hafi búist við

mikilli aukningu á sölu þennan dag. Visa taldi líklegt að salan á Cyber-mánudegi myndi aukast um sextán prósent frá síðasta ári og gerði ráð fyrir að 450 milljónum punda yrði eytt með kortum frá fyrirtækinu á netinu. Þá greindi Jeremy Nichols, hjá Visa í Evrópu, frá því að fjórðungur allra Visa-greiðslna í Bretlandi í dag færi í gegnum netverslanir.

Verslunin John Lewis bjóst við 80 þúsund pöntunum þennan dag. Hið vinsæla Amazon þótti líklegast til afreka þennan dag en á síðasta ári seldi síðan 41 hlut á hverri sekúndu sem gerði um 3,5 milljónir pantanir í allt á þessum eina degi. Í ár var metið slegið enda ruku sölutölur Amazon upp um 44 prósent frá síðasta ári samkvæmt USA today.

Á USA today er greint frá því að salan í gegnum netið á Cyber-mánudegi í Bandaríkjunum hafi aukist um 17 til 19 prósent á milli ára og að þessi mánudagur sé því sá stærsti í sögu netverslunar í Bandaríkjunum. Sömu sögu er að segja í Bretlandi en í International Business Times er greint frá því að mánudagurinn 2. desember 2013 hafi verið stærsti netverslunardagur Bretlands frá upphafi. Heimsóknir á síður netverslana þar í landi voru 115 milljónir


ónir en hver og einn kaupandi eyddi um 81 pundi. Salan jókst þannig um 31 prósent miðað við sama mánudag fyrir ári.

Spjaldtölvur í sókn

Gríðarmikil aukning varð í notkun snjallsíma og spjaldtölva í ár en þriðjungur allra pantana fór í gegnum slík tæki. Það er um sextíu prósent aukning í slíkri tækjanotkun milli ára í Bandaríkjunum. Í Bretlandi jókst notkun snjallsíma og spjaldtölva enn meir, en í International Business Times er greint frá því að aukningin í notkun slíkra tækja hafi verið 94 prósent.

Snjallsímarnir voru mikið notaðir til að skoða en spjaldtölvurnar fremur til að panta vörur. Skemmtilegt er að skoða mismuninn milli merkja. Þannig eyddu eigendur Android-tækja mun meiru en þeir sem eiga tæki frá Apple. Mesta eyðslan fór fram í gegnum Samsung-tæki. Þetta er breyting frá því sem var, en áður fór mesta eyðslan í gegnum iPhone og iPad.

Vinsældir þessa eyðslu-mánudags hafa aukist svo mikið að fyrirtæki framlengja tilboð sín í auknum mæli fram í vikuna. Eru sumir farnir að tala um að bæta þurfi við markaðshugtakinu Cyber-vika.



Netglæpir færast í aukana.

ÖRUGG NETVERSLUN FYRIR JÓLIN

Óprúttirnir glæpamenn reyna að nýta sér hina síauknu netverslun. Ný netglæpadeild bresku lögreglunnar gaf nýlega út lista með ráðum sem fólk ætti að kynna sér áður en það kaupir jólagjafirnar á netinu.

1. Hafðu vírusvarnir eða önnur öryggisforrit í lagi á tölvunni.
2. Uppfærðu stýrikerfið reglulega til að minnka líkur á veikleika í kerfinu.
3. Gakktu úr skugga um að netkerfi þitt sé öruggt og notaðu það til að versla. Ekki nota netkerfi annarra því þú veist ekkert um öryggi þess.
4. Ekki ýta á hlekkir sem sendir eru í pósti sem gæti verið ruslpóstur. Farðu beint á vefsíðu fyrirtækisins sem þú ætlar að versla við.
5. Leyfðu vafranum að hjálpa þér við öryggið. Virkjaðu varnarsíuna sem blokkerar vefveiðar og spilliforrit.
6. Notu kreditkort í stað debetkorta. Þau veita meiri vernd.
7. Leitaðu ávallt eftir því að vefsíðurnar séu með HTTPS fremst í slóðinni. Leitaðu einnig eftir hengilásatákninu. Bankaupplýsingar sem sendar eru í gegnum óvarðar vefsíður geta lent í höndum þjófna.
8. Skoðaðu hvað aðrir viðskiptavinir hafa sagt um vefsíðuna ef þú ert óviss um hvort þú viljir nota hana.
9. Ef tilboð hljómar of gott til að vera satt – þá er líklegt að það sé það. Varist óumbeðinn póst sem biður fólk um að fara á vefsíður vegna tilboða á sjaldgæfum munum.
10. Ef þú ert enn í vafa, veltu þá fyrir þér öðrum greiðslumáta á borð við PayPal, gjafakort eða fyrirframgreidd kreditkort.

ALGJÖR SNILLD!

FIGOR / SIA



GJÖF SEM SKEMMTIR

Hvort sem þú vilt gleðja tónlistarunnandann eða dansáhugamanninn, hvort sem viðtakandinn vill eiga kvöldstund í leikhúsinu eða styðja liðið sitt á íþróttavellinum, getur þú verið viss um að gjafakort frá midi.is uppfylli óskir vina og vandamanna.

Gjafakortin fást á midi.is

540 9800 | midi.is

midi.is



Gullinbrúnir herraskór frá Sweet Attraction. Fást einnig í svörtu og brúnu.



Gulir og skvísulegir hælaskór frá Six Mix. Fást í fleiri litum.



Silfurlitir og sparilegir telpuskór með ökklabandi.



Hlýir og flottir Hummel-kuldaskór fyrir káta krakka.

Skóbúðin komin heim í stofu

Skór.is er stærsta skóverslun landsins á netinu. Þar er að finna ríkulegt úrval af skóm fyrir öll tækifæri á alla fjölskylduna sem hæfa smekk hvers og eins. Fyrir jólin eru svartir, rauðir og silfurlitir spariskór vinsælastir en litagleði og útfærslur skótískunnar eiga sér engin takmörk og á Skór.is finnst allt sem þú þorir að óska þér.

Það er bæði þægilegt og gaman að kaupa sér skó á netinu og geta kíkt í „skóhillur“ búðanna heima í stofu,“ segir Ásdís Jörundsdóttir, rekstrarstjóri netverslunarinnar Skór.is.

Ásdís segir skóbúðina njóta mikilla vinsælda á vefnum.

„Við fáum fjölmargar pantanir frá landsbyggðinni þaðan sem fólk á ekki heimangengt í skóverslanir höfuðborgarsvæðisins og borgarbúar njóta þess í síauknum mæli að kaupa sér skó á netinu. Fólk þykir notalegt að geta verslað heima í rölegheitum og vefbúðir eru vissulega góður kostur fyrir þá sem vilja helst ekki fara í búðir eða geta það ekki.“

Öllum skókaupum á Skór.is fylgir frí heimsending og er sent hvert á land sem er. Í flestum tilvikum tekur tvo til fjóra daga að fá vöruna í hendur en pantanir eru ekki sendar út um helgar.

Ásdís segir vefverslun henta þeim einkar vel sem hafa lítinn

tíma í búðarráp fyrir jólin.

„Við ráðleggjum viðskiptavinum að panta númeri stærra eða minna sé tekið fram að stærðir séu óvenju litlar eða stórar. Margir hringja ef þeir hafa einhverjar spurningar og við leiðbeinum þeim með glöðu geði. Þá er fjórtán daga skilafrestur á öllum skóm og vitaskuld sjálf-sagt að skila og skipta skóm eftir þörfum.“

Að sögn Ásdísar er vefverslunin Skór.is í stöðugri þróun.

„Við erum dugleg að bæta við nýjum upplýsingum um vörurnar og reynum að útskýra allt sem þeim viðkemur, með til dæmis hælshæð og fleiru.“

Ásdís segir sígilt um hátíðarnar að klæðast svörtum, rauðum eða silfurlitum skóm við jólafötin og að herra- og dömutískan í spariskóm sé klassísk.

„Inn á milli fyrirfinnst líka skemmtilega líflægir litir sem poppa upp útlitid og lífga upp á þá sem þora en Íslendingar eru orðn-

ir mun opnari fyrir litum en áður. Hælar á spariskóm kvenna hafa breikkað og grófir sólar á hvunn-dagsskóm kvenna eru nú hæstmóðins. Þá eru grófir, ökklaháir herraskór afar vinsælir um þessar mundir,“ segir Ásdís um ríkulegt úrvalið á Skór.is þar sem finna má heildarvörulínur skóverslana Kaupfélagsins, Steinars Waage, Ecco-búðarinnar, Skór.is og Toppskósins.

„Við erum með einnig með skemmtilegan netklúbb og sendum klúbbhöfum reglulega póst með flottum tilboðum og upplýsingum um sitt hvað spennandi sem gerist á Skór.is. Mýmargt freistandi verður í boði á adventunni og því sniðugt að skrá sig í klúbbinn fyrir jól. Við erum einnig mjög virk á Facebook og Instagram þar sem við setjum inn skemmtilega leiki, myndir af væntanlegum vörum, því sem er vinsælt og því sem okkur þykir áhugavert eða einfaldlega fallegt.“



Ásdís Jörundsdóttir er umsjónar- og rekstrarstjóri netverslunarinnar Skór.is.



Upphá, reimuð stígvél frá SixtySeven.



Flottir, hælsháir lakkskór frá SixtySeven. Fást í nokkrum litum.



Bullboxer-leðurskór.



Bleikir, mjúkir og þægilegir barnaskór frá PomPom. Fást í fleiri litum.



Hælsháir ökklasskór með spennu frá Vagabond.



Glamúrlegir ökklasskór frá SixMix sem ganga spari og hvunn dags.



Lágir herraspariskór frá Ecco sem líka ganga hvunn dags.



Traustir og hlýir útivistarskór frá Ecco.



Skóurvalið á www.skor.is er það sama og í skóverslunum Kaupfélagsins, Steinars Waage, Ecco-búðarinnar, Skór.is og Toppskósins.

MYNDR/DANIEL

Netverslun fjölgrar tækifærum

Netverslun stækkar markaðssvæði verslana svo um munar og býður upp á fjölmörg tækifæri. Hún mun þó að mati Margrétar Kristmannsdóttur, formanns Samtaka verslunar og þjónustu, aldrei leysa hefðbundna verslun alfarið af hólmi.

Netverslun sækir sífellt í sig veðrið. Þar sem hún er hvað útbreiddust, eins og til dæmis í Bandaríkjunum, er hlutdeild hennar í allri verslun komin upp í tveggja stafa tölu.

„Við höfum því miður engar rannsóknir á umfangi netverslunar á Íslandi. Við getum því aðeins stuðst við tilfinninguna og hún segir okkur að slík verslun færir í aukana,“ segir Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu og framkvæmdastjóri Pfaff. Aukin netverslun er að sögn Margrétar heilmikil áskorun fyrir íslenskum höfðingjum en hún segir jafnframt að verslunarfólk ætti að taka henni fagnandi enda felast í henni mýrmörg tækifæri.

„Þegar menn tala um netverslun er mikið horft í það sem kemur inn til landsins en ef ég tek mitt fyrirtæki sem dæmi þá erum við að sjá mikla aukningu í netverslun þeirra sem búa á landsbyggðinni. Þar er grundvöllur fyrir hefðbundinni verslun ekki sá sami og á höfuðborgarsvæðinu og vörurval minna. Margt landsbyggðarfólk hefur því tekið netverslun fagnandi en með henni fær það greiðari aðgang að góðu vöru-

úrvali. Því skiptir miklu máli að fyrirtæki komi sér upp góðri netverslun,“ segir Margrét.

Hún segir auk þess sífellt fleiri fyrirtæki, sem eingöngu eru í netviðskiptum, spretta fram. „Má þar nefna heimkaup.is og skor.is en líka fyrirtæki eins og Netgíró sem sérhæfir sig í tæknilausnum sem auðvelda fyrirtækjum að ganga frá kaupum og sölu í gegnum netið.“

Netverslun getur að sögn Margrétar ekki síður gagnast þeim sem vilja stækka markaðssvæði sitt og selja vörur sínar á erlendum mörkuðum. „Þetta sjáum við til dæmis í auknum mæli hjá íslenskum hönnuðum svo dæmi séu nefnd.“

Margrét telur netverslun þó seint koma til með að leysa hefðbundna verslun af hólmi. „Það er fullt af vörum sem fólk vill prófa, snerta og sjá með eigin augum. Ég held til dæmis að fáir myndu kaupa hjónarúm yfir netið og sumir geta ekki hugsað sér að kaupa fót án þess að máta. Við erum því ekki að fara að sjá hefðbundna verslun leggast af en netverslun mun án efa aukast. Hún mun líka stækka markaðinn. Við erum þó ekki enn farin að sjá jafnvægi í þessu og vitum ekki hvort

hún endar í tíu eða tuttugu prósentum. Það munu neytendur ákveða.“


Margrét segir netverslun setja aukinn þrýsting á hið opinbera að búa verslun hér á landi samkeppnishæft umhverfi. „Við hjá Samtökum verslunar og þjónustu höfum ítrekað bent á að verið sé að leggja á þessa atvinnugrein álögur í formi tolla og vörugjalda sem ekki eru lagðar á erlendis. Það flækir samanburð fyrir neytendur sem eru að bera saman verð á vörum erlendis við innlent verð. Þá er ekki verið að bera saman epli og epli heldur epli og appelsínur. Margir panta erlendis frá og telja sig þannig fá betra verð en lenda svo í því að vörugjöld og tollar leggast á við innflutning. Þetta brenglar allt verðskyn og samanburð. Það þarf að gera þessa atvinnugrein samkeppnishæfa við nágrannalönd og einfalda þannig samanburð. Það eykur um leið þrýsting á íslenska verslun að standa sig í alþjóðsamkeppni.“

Margrét segir margt landsbyggðarfólk hafa tekið aukinni netverslun fagnandi enda fær það í gegnum hana greiðari aðgang að góðu vörurvali.


MYND/GVA



Njóttu þess að lesa jólabækurnar, hvar og hvenær sem er!



Skuggasund
Arnaldur Indriðason



Guðni: Léttur í lund
Guðni Ágústsson



Fiskarnir hafa enga fætur
Jón Kalman Stefánsson



Lygi
Yrsa Sigurðardóttir

Njóttu þess að lesa ...

eBækur

www.ebækur.is



Ítalía heillar en hægt er að komast til Rómar, Flórens, Napólí eða annarra staða á lágu fargjaldi frá London.

Ferðalög hafa breyst



Með tilkomu netverslana hefur nær öll sala hjá flugfélögum um allan heim færst yfir á netið. Flugfélögin eru sífellt að bæta og einfalda heimasíður sínar, viðskiptavinum til þæginda. Sum flugfélög krefjast þess að auki að farþeginn sjái sjálfur um að tékka sig inn í flugið á netinu, til dæmis Easy Jet.

Netið býður einnig upp á bókunaryklar sem auðveldar viðskiptavininum að finna lægstu flugfargjöld hjá flugfélögum um allan heim. Hægt er að bera saman verð og nýta sér samkeppni.

Alltaf er ódýrast að kaupa flugfargjöld með löngum fyrirvara. Þeir sem hafa ákveðið hvert þeir ætla í sumarfríinu á næsta ári ættu því að kaupa bæði hótél og flug núna. Ef hægt er að komast á nettillboði frá Íslandi til Lundúna er auðvelt að ferðast til allra helstu borga og minni staða í Evrópu, hvort sem er frá Heathrow-flugvelli, Stansted eða Gatwick.

Þjónusta ferðaskrifstofa hefur einnig færst inn á netið. Þannig getur fólk gert samanburð á til dæmis sólarlandaferðum hinna ýmsu ferðaskrifstofa bæði hér á landi og í nágrannalöndum. Yfirleitt er ódýrara að ferðast á eigin vegum og það getur auk þess verið mjög skemmtilegt.



Vefsíðan a4.is er auðveld í notkun. Vöruúrvalið er afar fjölbreytt og eitt það mesta á landinu.

MYND/GVA

Frábær lausn fyrir fyrirtæki **A4**

Það má með sannri segja að þægindin við að nota vefverslun þegar keyptar eru skrifstofuvörur og aðrar rekstrarvörur eru ótvíræð. Til dæmis eru tvær af fimm stærstu netverslunum heims skrifstofuvöruverslanir. A4 rekur netverslun þar sem vöruúrvalið er ótrúlegt, en um 19 þúsund vörur eru fánlegar á a4.is. Netverslunin er einstaklega aðgengileg og notendavæn.

Vöruúrvalið okkar á vefnum er mjög glæsilegt, en þar er hægt að nálgast allt frá blokkflautum til bleksprautuprentara," segir Valgerður Vigfúsdóttir, netverslunarstjóri A4. Netverslunin www.a4.is er afar einföld í notkun bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. „Vörurnar eru með góðum lýsingum og myndum og því á sá sem pantar auðvelt með að finna réttu vörurnar," segir Valgerður.

Á upphafssíðunni a4.is er hægt að nálgast alla bæklinga og tilboð sem A4 sendir frá sér og öll þau tilboð sem eru í gangi.

Fjölbreytt vöruúrval

Vefsíðan a4.is hefur ýmislegt fram yfir aðrar viðlíka síður. „Hún er til að mynda einstaklega létt og hraðvirk í notkun. Vöruúrvalið er afar fjölbreytt og eitt það mesta á landinu. Þá er mjög hentugt fyrir fyrirtæki sem eru með samninga við A4 um kaup á skóla- eða skrifstofuvörum að geta séð sitt samningsverð," lýsir Valgerður og bendir á að fólk geti safnað í körfuna sína og geymt hana þar til það er tilbúið að senda inn pöntun. Þannig þurfi ekki að ákveða allt í einu.

„A4 leggur mikið upp úr þjón-



Valgerður Vigfúsdóttir, netverslunarstjóri A4.

ustu við fyrirtæki og stofnanir og með netversluninni er verið að bæta þjónustustigið enn frekar," segir Valgerður og bendir á að auðvelt sé að fylgjast með verði og pöntunum í vefversluninni. „Netverslunin hefur slegið í gegn hjá þeim sem vilja til dæmis panta vikulega inn þær vörur sem vantar á skrifstofuna," upplýsir Valgerður. Á síðunni er þá stofnuð pöntun, til dæmis í upphafi vikunnar, og raðað í körfuna eftir því sem kemur í ljós að vantar af vörum. Pöntunin er geymd í nokkra daga, eða þar til búin er að safna upp í fría heimsendingu. Karfan vistast þó slökkt sé á net-



Í sumum tilvikum eru myndbönd sem útskýra frekar notkunarmöguleika vörunnar.

inu eða á tölvunni. „Viðskiptavinum okkar finnst líka mjög þægilegt að geta flett upp eldri pöntunum, en um leið og þú ert búinn að skrá þig inn í netverslunina getur þú nálgast þær," segir Valgerður.

Auðvelt að gera verðsamanburð

Vefsíðan hefur einnig góða kosti fyrir einstaklinga. „Þar er hægt að skoða allar vörur í vöruúrvali A4, sama hvar á landinu þú ert. Þar má auðveldlega gera verðsaman-

burð sem er afar hentugt núna í jólaertíðinni. Þá er allt annað að geta skoðað og valið vörur heima í rólegheitunum."

Sparar vinnu og tíma

Valgerður segir ávinning að því að versla í gegnum netverslun. „Það sparar manni vinnu og tíma. Það tryggir einnig að fólk panti nákvæmlega það sem það ætlar að fá og ekki má gleyma því að netverslunin er opin allan

sólarhringinn alla daga ársins," segir Valgerður og bætir við að stór kostur sé að vita, áður en pöntun er send inn, hver heildarupphæðin verður. Hún bendir á að sama frábæra þjónustustigið gildi um netverslunina líkt og fyrirtækjaþjónustuna. „Ef vörur eru pantaðar að morgni eru þær afhentar samdægurs á höfuðborgarsvæðinu en næsta virka dag ef sendingin á að berast út á land."



Öll tilboð eru mjög aðgengileg á upphafssíðu netverslunarinnar.



Baggalútur – mamma þarf að djamma

TÓNLIST Í SÍMANN

Tónlist.is er vinsæl tónlistarþjónusta sem starfar með hagsmunaaðilum tónlistarmanna um allan heim. Á netversluninni tonlist.is er hægt að nálgast safn íslenskrar og erlendar tónlistar. Á hverjum degi bætast fleiri lög við en það er um að gera að sækja sér jólatónlist þessa dagana. Allar tegundir tónlistar má finna á vefsvæðinu.

Áskrift að Stöð 2 veitir fría aðgang að Tónlist.is í þrjú mánuði. Hægt er að setja saman eigin lagalista og hlusta á yfir sjö milljónir laga.

Vinsælustu plötur á

Tónlist.is þessa dagana eru

- 1 Mamma er að djamma – Baggalútur
- 2 In The Silence – Ásgeir Trausti
- 3 Jólakveðja – Sigríður Thorlacius
- 4 Northern Comfort – Tilbury
- 5 Kaleo – Kaleo
- 6 100 íslensk jólalög – 100 serían
- 7 Æsku minnar jól – Bubbi Morthens
- 8 Komdu til mín svarta... – Mammút
- 9 Kveðja – Friðrik Ómar
- 10 Jólátónleikar með KK og Ellen

ÍSLENSKAR NETVERSLANIR Á EINUM STAÐ

Vefsíðan Netverslanir.is er upplýsingatorg þar sem finna má á einum stað tengla við flestar íslenskar netverslanir. Þar er hægt að tengjast við 195 íslenskar verslanir í níttján flokkum.

Meðal flokka má nefna: Barnavörur & leikföng, Bækur & ritföng, Farartæki & samgöngur, Fatnaður & skór, Ferðalög & afþreying, Fjármál & tryggingar, Heilsa & íþróttir, Heimilið & viðburðir, Landbúnaður & dýravörur, Listir & menning og ýmislegt fleira.

Netverslanir.is er rekið af Íslandspósti en þær netverslanir sem skráðar eru á síðunni ábyrgjast öryggi í viðskiptum og því er hægt að treysta á að viðskiptin fari örugglega og þægilega fram.

Vefsvæðið Netverslanir.is er uppfært reglulega og því eru stöðugt að bætast við nýjar netverslanir.



Til mikils að vinna

Jólin eru tími örættis og fjöldi verslana og fyrirtækja sem gefa rausnarlegar jólagjafir í gegnum skemmtilega samfélagsleiki. Á heimasíðunni www.jolaleikir.is er haldið utan um alla jólaeiki sem íslensk fyrirtæki standa að fyrir þessi jól og hægt að taka þátt í öllum vinsælustu leikjunum á einum og sama stað. Vefsíður sem þessar njóta mikilla vinsælda víða um heim og nú þegar má finna fjöldann allan af leikjum á jolaleikir.is þar sem bætast við nýir leikir á degi hverjum.

Takið þátt og freistið gæfunnar. Hver veit nema lukkan verði ykkur hliðholl? Í þakka gæti til dæmis ratað fatnaður, bækur, gjafabréf á veitingahús, raftæki, ferðalög, snyrtivörur, heimilis-tæki, matvara, eldsneyti, tónleikamiðar, símar eða bíll!



NUTRILENK - hollráð við liðkvillum. Náttúruleg bætiefni fyrir liðina



Með Nutrilenk á toppinn!

“Ég tók 4 töflur af Nutrilenk Gold á dag allan tímann sem ég var í ferðinni”, segir Ingólfur Geir Gissurarson, annar eigandi fasteignasöluunar Valhallar, sem varð í maí síðastliðinn elsti Íslendingurinn til að toppa Everest.

Ingólfur hefur ávallt verið mikill íþróttamaður. Á sínum yngri árum æfði hann og keppti í sundi og setti 19 íslandsmet á sínum keppnisferli og var m.a. valinn sundmaður ársins af sundsambandinu árið 1981. Eftir að sundferlinum lauk hóf Ingólfur að stunda maraþonhlaup og varð 5 sinnum Íslandsmeistari á árunum 1995-2001. Á þessum tíma varð hann var við að álagið á hnén var orðið töluvert mikið. Vitandi að mamma hans væri með slitgigt og komin með gervimjaldmir báðum megin ákvað hann að gera eitthvað í sínum málum til að passa betur upp á liðina. Hann byrjaði að taka inn Nutrilenk Gold 2008 og tekur að jafnaði 2-3 töflur á dag en eykur skammtinn þegar mikið liggur við. Ingólfur segist finna mikinn mun á sér eftir að hann byrjaði að taka inn Nutrilenk Gold og sé töluvert minna þreyttur í liðunum eftir langar æfingar eða mikil átök.

Fyrsti íslenski afinn á Everest

Ingólfur hefur verið viðloðandi fjallgöngur hér heima og erlendis um árabíl. Hann hefur m.a. klifið

fjallið Elbrus í Rússlandi sem er hæsta fjall Evrópu og Aconcagua í Argentínu sem er hæsta fjall Suður Ameríku. Draumurinn um að klífa Everest varð þó sífellt sterkari og fyrr á þessu ári varð hann að veruleika. Undirbúningurinn stóð yfir með hléum í eitt og hálf ár og þurfti Ingólfur á því tímabili að æfa gríðarlega mikið. “Þegar pakkað er fyrir svona ferð þarf að huga sérstaklega að öllum smáatriðum og taka með sér aðeins það nauðsynlegasta. Álagið á hné, mjaðmir og kálfa var gríðarlegt á leiðinni á toppinn og það mesta sem ég hef upplifað, því tók ég að sjálfstöðu með mér góðan skammt af Nutrilenk Gold.”



Ingólfur Geir Gissurarson



PRENTUN.IS

Hvað getur Nutrilenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og eftir því sem árin færast yfir getur brjóskefuvirinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Mjög margir finna fyrir óþægindum og verkjum þegar liðfletirnir núast saman, sérstaklega í liðamótum í mjöðmum, hrygg og hnám. Þess vegna er til mikils að vinna að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður



Liður með slitnum brjóskef

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin

Nutrilenk Gold er frábært byggingarefni fyrir brjóskef og getur minnkað liðverki, brak í liðum og stíðleika. Inniheldur brjóskef úr fiski- og hákarlabeinum sem er öflugt byggingarefni fyrir bein og brjóskef enda ríkt af kondritíni, kondritín sulfati, kollageni og kalki. Hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóskef og slitnum liðum

Nutrilenk hefur hjálpað fjölmörgum. Nutrilenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskefsvirnun.

Prófið sjálf - upplifið breytinguna!

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is



Skráðu þig á facebook síðuna Nutrilenk fyrir liðina - því getur fylgt heppni!

Nutrilenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórumarkaðanna